

5

Fluttar kr. 2662,31

2. Vextir á árinu 1885:

a, af konungl. skuldabréfum	kr. 40,00	
b, — veðskuldabréfum einstakra manna	— 52,00	
c, úr sparisjóði	— 10,76	— 102,76
		kr. 2765,07

Útgjöld:

1. Útblutað stúdentum kr. 92,00

2. Eptirstöðvar við árslok 1885:

a, konungl. skuldabréf	kr. 1000,00	
b, veðskuldabréf einstakra manna	— 1300,00	
c, á vöxtum í sparisjóði	— 373,07	— 2673,07
		kr. 2765,07

2. Prestaskólasjóðurinn.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1884:

a, konungleg skuldabréf	kr. 3100,00	
b, veðskuldabréf einstakra manna	— 300,00	
c, peningar hjá forstöðumanni prestaskólans	— 4,60	kr. 3404,60

2. Vextir á árinu 1885:

a, af konungl. skuldabréfum	kr. 124,00	
b, — veðskuldabréfum einstakra manna	— 12,00	— 136,00
		kr. 3540,60

Útgjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum kr. 108,00

2. Eptirstöðvar við árslok 1885:

a, konungleg skuldabréf	kr. 3100,00	
b, veðskuldabréf einstakra manna	— 300,00	
c, peningar hjá forstöðumanni prestaskólans	— 32,60	— 3432,60
		kr. 3540,60

Reykjavík 31. des. 1885.

H. Hálfðánarson.

6

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veitingu lána til æðar-
 12. jan. varpsræktar samkv. l. $\frac{8}{1}$ '86. — Eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefir
 hans hátign konunginum þóknast 8. p. m. að staðfesta lög um lán úr viðlagasjóði til
 handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar, sem alþingi hefir samþykkt, og sem þjer,
 herra landshöfðingi, senduð mjer með þóknanlegu brjefi yðar 16. sept. f. á.

Lög þessi gefa engar fyrirskipanir um, hvernig lánun þeim skuli varið, sem þar
 getur um, en eptir því, hvernig árgjaldinu til endurborgunar lánanna er jafnað niður,
 hlýtur það að vera skylda sýslunefnda þeirra, er hlut eiga að máli, að hafa eptirlit með
 að lánin komi fyllilega öllum æðarvarpsjörðum til nota. Skal því hjermeð þjónustu-

samlega skorað á yður, herra landshöfðingi, þegar þjer, ef til kemur, veitið slík lán, að **6**
 leggja þá sýslunefndum þeim, er hlut eiga að máli, þá skyldu á herðar, að senda yður á 12. jan.
 sínum tíma skilagrein fyrir því, hvernig lánnum þeim, sem veitt verða samkvæmt lögum
 þessum, hafi verið varið.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um það hvernig að skuli farið **7**
 til að öðlast almenn rjettindi innborinna manna. — Í þóknanlegu brjefi 17. okt. f. á. 14 jan.
 hafið þjer, herra landshöfðingi, beðið um leiðbeiningu ráðgjafans út af því, að brezkur
 konsúll W. G. Spence Paterson, sem þjer hafið sett til að gegna hinu óveitta kennara-
 embætti við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, hefir spurzt fyrir um, hvernig hann eigi
 að að fara til þess að fá rjettindi innborinna manna, en slík rjettindi eru honum nauðsyn-
 leg til þess að tekið verði tillit til umsóknar hans, þegar nefnt embætti verður veitt. Þjer
 hafið nú á eina hliðina látið í ljósi, að efasamt væri, hvernig skilja beri ákvarðanirnar í
 tilskipun 17. nóvbr. 1786, 7. og 8. gr., um það hvernig útlendingar, sem taka sjer ból-
 festu á Íslandi, öðlist rjettindi innborinna manna þar, ef annars yfirhöfuð tilskipun
 þessi gæti álitizt að vera enn í gildi, og á hinn bóginn hafið þjer talið það æskilegt að
 geta stuðzt við ummæli ráðgjafans, þegar þjer svarið fyrirspurnum um hvernig þeir
 skuli að fara, sem búsettir eru á Íslandi, til þess að fá rjettindi innborinna manna, ef slík
 rjettindi eiga að veitast með lögum, sem samþykkt eru af hinum danska ríkisdegi.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjálíða, þjónustusamlega að tjá yður til þóknan-
 legrar leiðbeiningar, að almenn rjettindi innborinna manna, sem samkvæmt stjórnskrá um
 hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, 4. gr., útheimtað til þess að geta orðið
 skipaður embættismaður á Íslandi, einungis fást með lögum, sem hið almenna löggjafar-
 vald ríkisins hefir gefið út, en að álíta verður, að með grundvallarlögnum 1849, 54. gr.
 sjeu úr lögum numdar hinar sjerstöku ákvarðanir í tilskipun 17. nóvbr. 1786, 8. og 9.
 grein, um að útlendingar fái rjettindi innborinna manna með því að setjast að í ein-
 hverjum kaupstað á Íslandi, þarsem þessar ákvarðanir eru með litlum mun endurtekn-
 ing á ákvæðum 3. og 4. gr. í lögnum um rjettindi innborinna manna (Indföðsrets-
 loven).

En þar sem nú mál um rjettindi innborinna manna heyra undir innanríkis-
 ráðgjafann, sem hlutaðeigandi verður þannig að snúa sjer til með bónarbrjef sitt, þá hef-
 ur verið spurzt fyrir um hjá honum, hvernig bænarskrá frá manni þeim, er hjer um
 ræðir, eigi að vera úr garði gjörð, til þess að geta komið til greina, þegar samið verður
 lagafrumvarp það, um veitingu á rjettindum innborinna manna, sem lagt verður fyrir
 ríkisdag þann, sem saman kemur næsta haust. Innanríkisráðgjafinn hefir skýrt svo frá,
 að bænarskránni verði að fylgja ummæli hlutaðeigandi lögreglustjóra um málið og
 að hún verði að færa skýrslur um atriði þau, sem fram eru tekin í hjálögðu umburðar-
 brjefi frá innanríkisráðgjafanum 22. maí f. á.¹

1) Umburðarbrjef þetta hljóðar þannig:

Ráðgjafinn skorar hjermeð þjónustusamlega á bæjarstjórnina í Kaupmannahöfn og amtmenn-
 ina að geta þess nákvæmlega, að bænarskrár þær um rjettindi innborinna manna, sem sendar eru mjer